

Ársskýrsla Aleflis 2014

Aðalfundur 2014 20. Maí kl 9:00 í Háskólanum í Reykjavík.

Ásdís Hafstað, formaður (2014)

Sólveig Arngrímsdóttir, meðstjórnandi (2015)

Unnur Valgeirsdóttir, gjaldkeri (2014)

Viggó K. Gíslason, ritari (2015)

Haldnir voru 3 stjórnarfundir á starfsárinu, og skiptust stjórnarmenn á að halda fundina á sínum vinnustöðum. Einnig áttum við í fjölmörgum samskiptum símleiðis og með tölvupósti milli funda.

Gengið var frá tilkynningu á nýrri stjórn félagsins til Ríkisskattstjóra, Fyrirtækjaskrár.

Í ljós kom að það hafði ekki verið gert í allmörg ár og gekk stjórnin í að uppfæra þær upplýsingar til Rsk frá því það var síðast gert um 2009.

Formaður tók saman upplýsingar um helstu verkefni stjórnar og útbjó handbók fyrir stjórn til að stuðla að samfellu í starfi Aleflis frá einni stjórn til annarrar með því að varðveita á einum stað vitneskju um ýmis atriði, eins og greiðslu reikninga fyrir lén, hvernig staðið er að því gefa handhafa bankareiknings umboð o.fl. þ. H.

Haldinn var samráðsfundur með starfsmönnum Landskerfis þann 6.11.2013.

Landskerfi kynnti nokkur verkefni sem framundan væru og föluðust eftir samstarfi við stjórn og fulltrúaráð Aleflis um að stofna rýnihópa eða baklandshópa vegna ýmissa verkefna sem eru á döfinni. Stofnaðir voru vinnuhópar um leitir.is, rýnihópur um tölfræði og rafgögn.

Stjórn Aleflis tilnefndi fulltrúa frá mismunandi safnategundum í þessa hópa. Í tölfræðihópinn gáfu tveir fulltrúar almenningsbókasafna kost á sér: Óskar Guðjónsson Borgarbókasafni og Anna Sigríður Einarsdóttir Bókasafni Hafnarfjarðar. Fyrir hönd framhaldsskólahóps Stefanía Gunnarsdóttir, Keili og Þórný Hlynsdóttir, Landbúnaðarháskólanum Hvanneyri.

Rýnihópur fyrir Leitir skipaði: Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, Borgarbókasafn, Ingibjörg Bergmundsdóttir, Landsbókasafn Ísl., Ingibjörg Rögnvaldsdóttir, Tækniskóla Ísl., Sigríður Vilhjálmisdóttir, Háskólanum á Akureyri, Sigrún Ingimarsdóttir, Amtbókasafn Akureyrar, og Vala Nönn Gautsdóttir, Kársnesskóla

Dagskrá notendaráðstefnunnar hefur verið aðal verkefni stjórnar á vorönn.

Vel gekk að fá fyrirlesara til að halda erindi og voru efnistösk á ráðstefnunni fjölbreytt en tengjast þó starfi okkar notenda Gagnis á ýmsa vegu.

Sigrún Hauks hjá Landskerfi sagði okkur frá því helsta sem því viðkemur 22. Útgáfu Gagnis, sem er að verið að keyra upp næstu daga. Þær Sigrún, Sveinbjörg og Thelma starfsmenn Landskerfis greindu frá vinnu rýnihópanna sem starfað hafa á árinu.

Eftir kaffihléið kynnti Þóra Sigurbjörnsdóttir formaður skráningarráðs skráningarreglur framtíðarinnar RDA og Ragna Steinars, sagði okkur frá ISNI staðlinum sem er isbn númer fyrir persónur/höfunda.

Að lokum kom Hafdís Dögg Hafsteinsdóttir í HR með fróðlegan pistil um hvernig þau í HR kenna upplýsingalæsi eða heimildaleitir þar sem útgangspunkturinn er leitir.is.

Kaffiveitingar á fundinum voru sem fyrr í boði Landskerfis. Rúmlega 60 manns mættu á fundinn. Ráðstefnan var tekin upp og sett á vef Aleflis strax eftir helgina og var hvert erindi tekið sérstaklega upp þannig að hægt er að skoða og hlusta á hvert erindi fyrir sig.

Það vildi reyndar svo óheppilega til að vefur Listaháskólans þar sem vefur Aleflis er hýstur varð fyrir árás í síðustu viku og ef vefurinn því ónothæfur. Sem betur fer var til afrit á vefsafninu frá því í apríl þannig að gögnin eru ekki týnd og einungis það sem sett hafði verið inn síðustu daga var horfið en afrit eru til af því efni.

Viðræður hafa verið í gangi við Landsbókasafn um að við fáum að hafa Aleflisvefinn hýstan hjá þeim og verður gengið í það á næstunni að koma því í ferli.

Síðasti reikningur frá ISNIC var greiddur af Borgarbókasafni vegna þess að þau eru skráð hjá ISNIC sem greiðendur lénsins. Það þarf að breyta upplýsingum um greiðanda lénsins og láta senda reikninginn á Landsbókasafn, þangað sem allur póstur á að berast. Lénið er vistað hjá ISNIC en brýnt er að skipta um tengilið þar sem núverandi tengiliður er hættur störfum, var starfsmaður tölvuþjónustu Listaháskóla Íslands. Vegna ástandsins á vefmálum LHÍ er býnt að koma vefnum yfir á traustan stað.

Reykjavík 20. Maí 2014

Ásdís Hafstað